



### Forspil

Air  
J.S. Bach

### Bæn

Á hendur fel þú honum,  
sem himna stýrir borg,  
það allt, er áttu' í vonum,  
og allt, er veldur sorg.  
Hann bylgjur getur bundið  
og bugað storma her,  
hann fótstig getur fundið,  
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir, þekkir  
og það í miskunn sér,  
sem hagsæld minni hnekkir,  
og hvað mér gagnlegt er,  
og ráð þitt hæsta hlýtur  
að hafa framgang sinn,  
því allt þér einum lýtur  
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu,  
og set á Guð þitt traust.  
Hann man þig, vís þess vertu,  
og verndar efalaust.  
Hann mun þig miskunn krýna.  
Þú mæðist litla hríð.  
Þér innan skammst mun skína  
úr skýjum sólin blíð.

Michael Haydn  
Gerhardt - Björn Halldórsson

### Ritningarlestur

Nú hverfur sól í haf  
og húmið kemur skjótt.  
Ég lofa góðan Guð,  
sem gefur dag og nótt,  
minn vökudag minn draum og nótt.

Lát daga nú í nótt  
af nýrri von og trú  
í myrkri hels og harms  
og hvar sem gleymist þú  
á jörð, sem átt og elskar þú.

Þú vakir, faðir vor,  
ó, vernda börnin þín,  
svo víð sem veröld er  
og vonarstjarna skín,  
ein stjarna hljóð á himni skín.

Kom, nótt, með náð og frið,  
kom nær, minn faðir hár,  
og leggðu lyfstein þinn  
við lífsins mein og sár,  
allt mannsins böð, hvert brot og sár.  
Þorkell Sigurbjörnsson  
Sigurbjörn Einarsson



### Ritningarlestur

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt  
sérhver alda ris en hnígur jafnan skjótt  
hverju orði fylgir þögn  
og þögnin hverfur alltof fljótt.

Lítu sérhvert sólarlag,  
sem þitt hinsta væri það.  
Því morgni eftir orðinn dag  
enginn gengur vísun að.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund  
skaltu eiga við það mikilvægan fund  
því að tár sem þerrað burt  
aldrei nær að græða grund.

Þú veist að tímans köldu fjötra  
enginn flýr  
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.  
Því skaltu fanga þessa stund  
því feegurðin í henni býr.

Bragi Valdimar Skúlason

### Guðspjall

Hún bar þig heiminn og hjúfraði að sér.  
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.  
Hún ávallt er vörn þín, þinn  
skjöldur og hlíf.  
Hún er íslenska konan sem ól þig og  
helgar sitt líf.

Ó, hún er brúður sem skín  
Hún er barnsmóðir þín.  
Hún er björt sólarlín.

Með landnemum sigldi' hún um  
svarrandi haf.  
Hún sefaði harna, hún vakti' er hún svaf.  
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.  
Hún var íslenska konan sem allt á  
að þakka vor þjóð.

Ó, hún er ást, hrein og tær  
Hún er alföður kær.  
Hún er Guðsmóðir skær.

Ó, hún var ambáttin hljóð  
Hún var ástkona rjóð  
Hún var amma svo fróð.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold  
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.  
Þú veist hver var skjól þitt þinn  
skjöldur og hlíf.  
Það var íslenska konan sem ól þig  
og gaf þér sitt líf.

Ó, athvarf umrenningsins  
Inntak hjálpraðisins  
Líkn frá kyni til kyns.

En sólin hún hnígur og sólin hún ris.  
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,  
Sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur  
og hlíf.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.  
Hún hjúkraði' og stritaði gleðisnauð ár  
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.  
Hún er íslenska konan sem gefur  
þér allt sem hún á.

Það er íslenska konan, tákna trúar  
og vonar,  
Sem ann þér og helgar sitt líf.

Billy Joel  
Ómar Ragnarsson



### Minningarorð

Smávinir fagrir foldar skart,  
fífill í haga, rauð og blá  
brekkusóley, við mættum margt  
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls sem er,  
annastu þennan græna reit.  
Blessaðu faðir, blómin hér,  
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley! sérðu mig?  
Sofðu nú vært og byrgðu þig.  
Hægur er dúr á daggar nótt.  
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Jón Nordal  
Jónas Hallgrímsson

### Bæn og Faðir vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín,  
sem þekkir mig og verkin mín.  
Ég leita þín, Guð leiddu mig  
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,  
sú rétta virðist aldrei greið.  
Ég geri margt, sem miður fer  
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ Drottinn minn.

Amerískt þjóðlag  
Pétur Þórarinnsson

### Moldun

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf manlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

### Blessun

### Eftirspil

Hver á sér fegra föðurland  
Emil Thoroddsen



Séra Þóra Björg Sigurðardóttir jarðsyngur  
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson  
Fiðluleikur: Matthías Stefánsson  
Kór: Kammerkór Akranes Kirkju  
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

*Aðstandendur þakka samúð og hlýhug  
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar  
í safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni*

*Bálför fer fram*

*Jarðsett verður síðar í Akranes Kirkjugarði*



Sigríður Þ. Hjartardóttir



Fædd 18. september 1930  
Dáin 5. janúar 2026

Útför frá Akranes Kirkju  
fimmtudaginn 22. janúar 2026